

## AUGLÝSING

### um umferð í Vestmannaeyjum.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Vestmannaeyja og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50 frá 1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Vestmannaeyjum:

- I. Umferðarljós verði á gatnamótunum Strandvegur/Heiðarvegur/Skildingavegur.
  - II. Biðskylda verði á afleggjara frá Höfðabóli gagnvart umferð um Höfðaveg.
  - III. 1. Bannað verði að leggja ökutækjum austan megin á Heiðarvegi frá húsi nr. 27 niður að gatnamótum við Hásteinsveg.  
2. Bannað verði að leggja ökutækjum norðan megin á Vestmannabraut milli Heimagötu og Fífilgötu.
  - IV. Gangbraut verði sett á Heiðarveg ofan Hásteinsvegar á gatnamótunum Heiðarvegur/Hásteinsvegur.
- Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

*Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 11. maí 1999.*

**Karl Gauti Hjaltason.**

## SAMÞYKKT

### um stjórn og fundarsköp Austur-Héraðs.

#### I. KAFLI

#### Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

##### 1. gr.

Bæjarstjórn Austur-Héraðs er skipuð 9 bæjarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

##### 2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í bæjarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

##### 3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hún með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

##### 4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

##### 5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.